

## **Aðalfundur Smalahundafélags Íslands að Breiðavaði 31. október 2014 kl. 20:00**

Mættir: Svanur Guðmundsson, Halldór Sigurkarlsson, Hilmar Sturluson, Davíð Þór Kristjánsson, Sigurður Hannes Sigurðsson, Þórarinn Bjarki Benediktsson, Stefanía Egilsdóttir, Ásta Einarsdóttir, Vilmundur Jónsson, Aðalsteinn Aðalsteinsson, Davíð Jónsson, Borghildur Aðils, Gunnar Guðmundsson, Elísabet(Lísa) Gunnarsdóttir, Jón Geir Ólafsson, Sverrir Möller, Kristján Ingi Jónsson.

Sverrir stingur upp á Jóni Geir sem fundarstjóra og Kristjáni Inga sem ritara. Það var samþykkt.

Gengið til dagskrár

### **1. Skýrsla stjórnar**

Sverrir fór yfir skýrslu stjórnar. Stjórn ekki hist á árinu en talað heilmikið saman í síma. Fór m.a. yfir ástæður þess að aðalfundi og landskeppni var frestað. Sagði frá stöðu á bókinni sem Lísa skrifaði en hún situr föst hjá Lbhsk. Hvanneyri. Fór yfir samninginn milli LBHÍ og SFÍ. Sverrir er kominn á tíma og þarf að ganga úr stjórn og nefndi að Þorvarður Ingimarsson á Eyrarlandi myndi ekki skorast undan yrði hann kosinn. Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

### **2. Yfirferð reikninga**

Lísa fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2013.

- Tekjur 740.000
- Gjöld 506.525
- Hagnaður án fjármagnsliða 233.475
- Hagnaður ársins 241.438
- Eignir 1.900.675
- Skuldir 133.299
- Eigið fé 1.767.376

Svanur lýsti yfir ánægju sinni með framsetningu reikninganna. Reikningar samþykktir samhljóða. Ársreikningur er í sér fylgiskjali.

### **3. Inntaka nýrra félaga**

Frá síðasta aðalfundi hafa 19 manns gengið inn í félagið. Á sama tíma hafa 9 manns gengið úr félaginu. Nýjir félagar boðnir velkomnir.

### **4. Kosningar**

- Eins og áður segir er komið að Sverri að ganga úr stjórn enda hefur hann setið í stjórn í sex ár. Sverrir stingur upp á Þorvarði Ingimarssyni á Eyrarlandi en óskar jafnframt eftir öðrum uppástungum eða hvort einhver gæfi kost á sér. Enginn gaf sig fram og var gengið til kosninga. Þorvarður Ingimarsson var kosinn með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Ný stjórn sér um að skipta með sér verkum.
- Kjósa þarf einn mann í varastjórn. Ásta Einarsdóttir situr í varastjórn en ekki finnst skráð hver hinn aðilinn er. Ásta situr áfram og þarf að kjósa varamann á móti henni. Atkvæði skiptust að mestu á milli Bjarka og Aðalsteins A. Bjarki var kosinn.
- Kjósa þarf tvo skoðunarmenn. Þorvarður er kominn í stjórn og Lárus S. biðst undan. Stungið var upp á Sverri M. og Reimari á Felli. Það var samþykkt samhljóða.

- Kosning á þremur dómurum til að meta hunda til skráningar inn í ættbók SFÍ samkvæmt reglum sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi. Umræður fóru fram um hvernig þetta mat yrði framkvæmt. Tillaga var gerð um að dómaranefndin setji sér verklagsreglur og leggi þær fyrir stjórn. Stungið var upp á Gunnari Einarssyni, Svani G. og Hilmari St. Lísu yrði þeim til aðstoðar við samningu á verklagsreglum. Það var samþykkt samhljóða.

#### 5. Yfirferð yfir starfsemi deilda

Sverrir M. sagði frá starfsemi Austurlandsdeildar.

Aðalsteinn A. sagði frá starfsemi Árnesdeildar.

Svanur G. sagði frá starfsemi Snæfellsnesdeildar.

Bjarki B. sagði frá starfsemi Smalahundafélagsins Snata.

Ásta E. sagði frá starfsemi Skagafjarðardeildar.

Davíð J. sagði frá starfsemi Hörgárdeildar.

Fulltrúar annarra deilda voru ekki á staðnum.

#### 6. Tillaga um aðild að ISDS

Lísu kynnti tillögu að umsókn um inngöngu SFÍ í ISDS og fór yfir kosti og galla aðildar eins og þeir voru kynntir félögum í fréttabréfi fyrr á árinu. Umræður fóru fram um kosti og galla aðildarinnar og síðan kosið um hvort SFÍ ætti að sækja um að gerast aðildarfélag.

14 atkvæði féllu með inngöngu, 3 skiluðu auðu, engin var á móti.

#### 7. Önnur mál

- Stjórn leggur til að félagsgjald verði óbreytt að viðbættum kostnaði við innöngu í ISDS, þ.e. verði aðildarumsókn samþykkt, eða 6.000 krónur, annars óbreytt 3.500 kr. Tillagan samþykkt samhljóða.
- Tillaga stjórnar um að næsta mót verði á Austurlandi. Það var samþykkt samhljóða.
- Tillaga stjórnar um að bæta lið 5 við reglur um skráningu í ættbók

„5. SFÍ er heimilt að innheimta skráningargjald af aðilum sem ekki eru í félaginu. Gjaldskrá skal ákveðin af stjórn.“

Tillaga var gerð um að í stað „er heimilt að“ myndi standa „skal“. Tillagan var samþykkt samhljóða.

- Tillaga stjórnar um viðbót við keppnisreglur SFÍ.

Þar bætist við grein 3 sem fjallar um skráningu hunda til keppni í B-flokki.

„Aðeins hundar eldri en 3ja ára hafa keppnisrétt í B-flokki“

Umræður um tillöguna og hvort eigi að þrengja reglur um að B-flokkur sé eingöngu byrjendaflokkur. Sjónarmið komu fram um að hundur sem hafi litla reynslu þurfi að hafa möguleika á að spreyta sig í B-flokki.

10 greiddu atkvæði með, enginn á móti.

Stjórn kom með tillögu að því að í öllum flokkum verði keppt að 100 stigum.

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

- Tillaga frá stjórn vegna innheimtu félagsgjalda.

„Dragi félagsmaður að greiða félagsgjald í eitt ár fellur hann af félagaskrá.“

Samþykkt samhljóða.

- Aðalsteinn A. hóf umræðu um merki fyrir félagið og kom með skissu að merki. Margir söknuðu þess að sjá ekki hund á merkinu. Aðalsteini falið að skoða betur merkið.
- Bjarki spurði um þjálfarann Nij Vijas sem fenginn var á dögnum af LBHÍ. Hvort stefnt væri að áframhaldandi samstarfi við hann. Sverrir svaraði að stjórn SFÍ hefði ekki upplýsingar um það. Sverrir hvatti til áframhaldandi samstarfs SFÍ við LBHÍ.
- Ásta vildi vekja athygli á að áberandi aukning er milli ára á læraskemmdum á lömbum í sláurtíðinni og spyr „Þurfum við að hugsa um hvert er verið að stefna í ræktun?“ Sú hugmynd kom fram að einhver tæki að sér að skrifa grein um málið.
- Jón Geir fundarstjóri þakkaði Sverri fyrir setuna í stjórn og klöppuðu fundarmenn fyrir honum
- Fleira ekki tekið fyrir.

8. Sverrir sleit fundi 22:47.

Fundarritari: Kristján Ingi Jónsson